

Ný umsókn. Endurnýjun umsóknar Milliflutningur

Umsókn um almennt félagslegt leiguhúsnæði

Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda _____, kennitala umsækjanda _____

Lögheimili _____, sveitarfélag og póstnúmer _____.

Heimasími _____, vinnusími/gsm _____.

Netfang _____.

Hjúskaparstaða:

Gift(ur) Ógift(ur) Í sambúð Fráskilin(n) Ekkja/ekkill Sambúð slitið

Nafn maka, ef við á:

_____ kennitala _____.

Umsækjandi er með börn í umgengni.

Ég staðfesti að allar upplýsingar sem veittar eru í sambandi við umsókn þessa eru réttar. Ég skuldbind mig til þess að upplýsa skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings um breytingar á tekjum, eignum, búsetu og félagslegum aðstæðum sem áhrif kunna að hafa á umsóknina.

Til að geta sannreynt rétt minn á almennu félagslegu leiguhúsnæði, samkvæmt reglum Árnesþings um félagslegt leiguhúsnæði og samkvæmt XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum, þarf skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings að afla persónuupplýsinga er mig varða. Vakin er athygli á vinnslu persónuupplýsinga af hálfu skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings á næstu blaðsíðum.

Staður og dagsetning

Undirskrift umsækjanda

Undirskrift maka, ef við á.

Vinsamlegast athugið:

1) Samkvæmt reglum Árneshvígs um félagslegt leiguhúsnæði, sem tóku gildi 1. september 2021, þarf umsækjandi að uppfylla eftirtalin skilyrði: - Hafa náð 18 ára aldri á umsóknardegi. - Eiga lögheimili í hlutaðeigandi sveitarfélagi þegar sótt er um og a.m.k. síðustu 12 mánuði áður en sótt er um.

- Gildistími dvalarleyfis sé að lágmarki 12 mánuðir hafi umsækjandi tímabundið dvalarleyfi.
- Ekki vera eigandi að húsnæði.
- Tekjur og eignir skulu ekki fara yfir tekju- og eignamörk skv. reglum.
- Uppfylla lágmarks stigafjölda, sbr. e. lið 1. mgr. 4. gr. reglna.
- Hafa gert full skil á vangoldnum leigugreiðslum við hlutaðeigandi sveitarfélag eða hafa samið um skuldina

2) Eftir að umsókn er skilað inn verður umsækjandi boðaður í viðtal til ráðgjafa skóla- og velferðarþjónustu Árneshvígs.

Hægt er að sjá yfirlit yfir félagslegt leiguhúsnæði á starfssvæði Árneshvígs á heimasíðu skóla- og velferðarþjónustu Árneshvígs, heimasíðum hlutaðeigandi sveitarfélaga og á fskj 7 með reglum Árneshvígs um félagslegt leiguhúsnæði.

Hægt er að fá upplýsingar vegna umsókna í Hveragerði í síma 483-4000, Ölfusi í síma 480-3800 og Uppsveitum/Flóa í síma 480-1180 (Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur).

Hægt er að skila inn umsóknum til ráðgjafa skóla- og velferðarþjónustu Árneshvígs í Hveragerði, Ölfusi og Laugarási.

Persónuvernd

Til þess að geta unnið úr umsókn þinni og lagt mat á rétt þinn til félagslegs leiguhúsnæðis hjá Árneshvígi er skóla- og velferðarþjónusta Árneshvígs nauðsynlegt að vinna með nánar tilgreindar persónuupplýsingar þínar. Unnið er með upplýsingar sem þú veitir í umsóknarferlinu. Auk þess sem unnið er með upplýsingar eftir úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis til að sannreyna að skilyrði reglna Árneshvígs um félagslegt leiguhúsnæði séu enn uppfylltar. Í samræmi við lagaskyldu varðveitir skóla- og velferðarþjónusta Árneshvígs þessar upplýsingar ótímabundið.

Hver er tilgangur vinnslu og grundvöllur hennar?

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvígs er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar þínar til að leggja mat á umsókn um félagslegt leiguhúsnæði á starfssvæði Árneshvígs og unnið er með þær upplýsingar eftir úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis til að sannreyna að skilyrði reglna Árneshvígs um félagslegt leiguhúsnæði séu enn uppfyllt. Vinnslan byggir á lagaskyldu, þ.e. XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og þess opinbera valds sem Árneshvígi fer með. Veitir þú skóla- og velferðarþjónustu Árneshvígs ekki umbeðnar upplýsingar getur það leitt til þess að ekki verði hægt að afgreiða umsókn þína.

Hvaða upplýsingar er unnið með?

Réttur til félagslegs leiguhúsnæðis hjá Árneshvígi byggir á stöðu umsækjenda í margvíslegum skilningi. Unnið er með eftirfarandi upplýsingar um umsækjendur:

Almennar persónuupplýsingar: Nafn, lögheimili/aðsetur, kyn, fjölskyldugerð, kennitala, símanúmer, netfang, atvinnustaða, menntun, húsnæðisstaða, tekjur, eignir, húsnæðisbætur, ríkisfang, bankareikning, og aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri í umsóknarferli.

Viðkvæmar persónuupplýsingar: Dvalarleyfi og eftir atvikum staðfesting á fötlunargreiningu.

Hvaðan koma upplýsingarnar?

Umsækjandi veitir framangreindar upplýsingar auk þess sem Árnesþing sækir grunnupplýsingar um umsækjanda til Þjóðskrár. Einnig geta upplýsingar borist frá fleiri aðilum s.s. Tryggingastofnun, Útlendingastofnun, framkvæmdaaðila húsnæðisbóta, heilbrigðisstofnunum, sýslumönnum og leigusölum íbúðarhúsnæðis.

Hversu lengi eru persónuupplýsingarnar geymdar?

Persónuupplýsingar þínar eru geymdar ótímabundið á grundvelli lagaskyldu er hvílir á skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Að tilgreindum tíma liðnum er skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings skylt að afhenda Borgarskjalasafni öll gögn sem unnið er með til varðveislu.

Hvernig tryggjum við öryggi persónuupplýsinganna?

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ. á m. aðgangsstýringum og dulkóðun. Allt það starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga umsækjanda er bundið þagnarskyldu.

Miðlun persónuupplýsinganna til þriðja aðila

Komi til úthlutunar félagslegs leiguhúsnæðis verður almennum upplýsingum um þig miðlað til hlutaðeigandi sveitarfélags sem annast gerð leigusamnings og umsjón með leigu félagslegs leiguhúsnæðis í sveitarfélaginu, en sveitarfélagið er sameiginlegur ábyrgðaraðili að þeirri vinnslu ásamt skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Að tilgreindum tíma liðnum er skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings skylt að afhenda Borgarskjalasafni öll gögn sem unnið er með í tengslum við umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði til varðveislu.

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings mun að öðru leyti ekki miðla persónuupplýsingum þínum til annarra aðila nema skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings sé slíkt skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Þá mun skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings ekki miðla persónuupplýsingum þínum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema á grundvelli sérstakrar heimildar þar um og án þess að upplýsa þig um slíkt.

Réttindi þín

Þú kannt að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings vinnur með í tengslum við umsókn þína. Þá kannt þú að hafa rétt til að andmæla vinnslunni, fá upplýsingarnar leiðréttar, krefjast þess að þeim verði eytt, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að þú eða þriðji aðili fái upplýsingar afhentar á tölvulesanlegu formi.

Kvörtun yfir vinnslu persónuupplýsinga

Sérstök athygli er vakin á því að sért þú ósátt/ur við meðferð skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings á persónuupplýsingum þínum getur þú ávallt sent erindi til Persónuverndar. (www.personuvernd.is)